

Lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 104).

Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 105).

Lög um útsvör, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 106).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilaskjöld vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 107).

Konungsbréf um þinguppsögn, undirskrifað af konungi 7. maí 1936 (nr. 108).

2

14. jan.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu.

Aftan við 2. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður er verði 7. liður svo hljóðandi:

Frá Blönduhlíð framhjá Tungu í Hörðudal, frá Snóksdalslæk á Bæjarbakka, frá Hjarðarholti að Ljárskógum og vegurinn af þjóðveginum niður að sjúkraskýlinu í Búðardal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933 staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

3

21. jan.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð 20. nóvember 1935, um útflutning á ísuðum nýjum fiski í kössum.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Ennfremur getur fiskimálanefnd þegar henni þykir nauðsyn til bera, fyrst um sinn þangað til annað kynni að verða ákveðið, veitt undanþágur frá öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, svo sem reglunum um kassastærð, um það hversu fiski skuli raðað í kassa o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.